

**3268. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
12. nóvember 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**  
Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 831 frá 30. október 2015.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 2. 1511168 - Tónberg - salur Tónlistarskólans á Akranesi**  
Lárus Sighvatsson skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi og Ingþór Bergmann formaður menningar- og safnanefndar taka sæti á fundinum til að ræða málefni Tónbergs.  
*Bæjarráð þakkar þeim Lárusi og Ingþór fyrir komuna og upplýsandi umræður.*
- 3. 1509315 - Viðburðir 2016, dagsetningar**  
Ingþór Bergmann formaður menningar- og safnanefndar kynnir dagsetningar viðburða sem stefnt er að halda á Akranesi árið 2016.  
*Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við menningar- og safnanefnd að Írskir dagar verði áfram fyrstu helgina í júlí 2016.*
- 4. 1508413 - Beiðni um námsvist í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags**  
Erindi Tónlistarskólans á Akureyri, dags. 27. ágúst 2015, þar sem óskað er eftir að Akraneskaupstaður greiði kostnað við kennslu nemanda við tónlistarskólann. Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 10. september sl.  
*Bæjarráð hafnar umsókn Tónlistarskólans á Akureyri vegna nemanda sem stundar saxafónnám á grunnstigi við skólann.  
Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemanda sem eru á framhaldsskólastigi til tónlistarnáms eftir búsetu er úr gildi fallið auk þess sem saxafónnám á grunnstigi er kennt við Tónlistarskóla Akraness.*
- 5. 1509250 - Tónlistarnám á miðstigi utan lögheimilissveitarfélags**  
Erindi Tónlistarskólans í Kópavogi, dags. 14. september 2015, þar sem óskað er eftir að Akraneskaupstaður greiði kostnað við kennslu nemanda á grunnskólaaldri við tónlistarskólann.  
*Bæjarráð samþykkir að veita nemanda við Tónlistarskóla Kópavogs styrk sem*

RAI

*nemur 50% af skólagjöldum fyrir skólaárið 2015-2016, samtals kr. 97.000, á grundvelli þess að námið er ekki kennt við Tónlistarskóla Akraness auk þess sem nemandi er á grunnskólaaldri myndi námið ekki falla undir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.*

*Fjármununum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

**6. 1511189 - Reglur um styrkveitingar vegna umsókna um tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum.**

*Bæjarráð beinir þeim tilmælum til skóla- og frístundaráðs að semja drög að reglum um styrkveitingar til tónlistarnáms einstaklinga sem hafa lögheimili á Akranesi en stunda tónlistarnám í öðru sveitarfélagi.*

**7. 1410165 - Dalbraut 6 - Þjónustumiðstöð fyrir aldraða**

Lagt fram erindi starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 þar sem óskað er eftir fjárheimild vegna frumhönnunar húsnæðis þjónustumiðstöðvar að fjárhæð kr. 3.000.000.

*Í fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 10 mkr. í reitinn að Dalbraut 6. Innfalið í þeirri fjárhæð er m.a. hönnunarkostnaður.*

**8. 1511120 - Starfshópur um ábyrgð lífeyrisskuldbindinga ríkis og sveitarfélaga**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um stofnun starfshóps um ábyrgð lífeyrisskuldbindinga ríkis og sveitarfélaga vegna samrekstrar og fleira. Í starfshópnum verða Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi, Dan Jens Brynjarsson fjármálastjóri Akureyrarbæjar og Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

*Erindið lagt fram til kynningar.*

**9. 1511006 - Knattspyrnufélag ÍA - umsögn á tækifærisleyfi vegna Carnival Rejúníjon**

Umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna uppskeruhátíðar árgangamóts sem halda á þann 14. nóvember næstkomandi frá kl. 19:00-01:00.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**10. 1509378 - Afreksíþróttasvið samstarfssamningur 2015**

Erindi skóla- og frístundaráðs þar sem óskað er eftir samþykki bæjarráðs við samstarfssamningi FVA, ÍA og Akraneskaupstaðar um afreksíþróttasvið við Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi fyrir skólaárið 2015-2016.

*Bæjarráð samþykkir samstarfssamninginn.*

- 11. 1411073 - Búnaðar- og áhaldakaup 2015 (tækjakaupasjóður) - ráðstöfun fjármuna**  
Umsókn Bókasafns Akraness um kaup á sjálfsafgreiðsluvél.  
*Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna úr tækjakaupasjóði vegna kaupa á sjálfsafgreiðsluvél í Bókasafn Akraness.*  
*Fjármununum, samtals að fjárhæð kr. 2.200.000, verður ráðstafaða af liðnum 20830-4660.*
- 12. 1511162 - Grundaskóli - tölvukostur og hvatatilboð**  
Erindi Hollvinafélags Grundaskóla um tölvukost í Grundaskóla og hvata tilboð til að gera betur.  
*Bæjarráð fagnar stuðningi Hollvinafélags Grundaskóla og bendir á að forsvarsmenn skólans geta sótt um fjárveitingu í miðlægan tækjakaupasjóð Akraneskaupstaðar.*
- 13. 1404016 - Skátaskálinn Skorradal - endurnýjun á samningi**  
Erindi skóla- og frístundaráðs þar sem óskað er eftir samþykki bæjarráðs að samningi milli Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness um rekstur og uppbyggingu Skátafells í Skorradal.  
*Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*
- 14. 1412236 - Hvalfjarðarsveit - samstarfssamningar**  
Erindi skóla- og frístundaráðs um áherslur Hvalfjarðarsveitar vegna samstarfssamnings um ýmis málefni á skóla- og frístundasviði. Ráðið vísar málinu til umfjöllunar í bæjarráði.  
*Lagt fram til kynningar.*
- 15. 1511167 - Orkuveita Reykjavíkur - arðgreiðslustefna**  
Erindi Orkuveitu Reykjavíkur um arðgreiðslustefnu og tillaga um tilnefningu í rýnihóp.  
*Bæjarráð samþykkir að tilnefna Jóhann Þórðarson sem fulltrúa Akraneskaupstaðar í rýnihópinn.*
- 16. 1511179 - Listaverk á Breið**  
Erindi Elsu Maríu Guðlaugsdóttur um listaverkið Síberíu sem staðsett hefur verið á Breiðinni.  
*Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar í skipulags- og umhverfisráði vegna staðsetningu listaverkanna á Breiðinni og til menningar- og safnanefndar vegna listaverkakaupanna.*
- 17. 1511181 - Skipan almannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi**  
Erindi lögreglustjórans á Vesturlandi um skipan almannavarna á Vesturlandi.  
*Bæjarráð tekur undir erindi lögreglustjórans og telur skynsamlega ráðstöfun að hafa eina almannavarnanefnd á Vesturlandi.*

**18. 1509131 - Jöfnunarsjóður - framlög v/ nýbúafræðslu 2016**

Erindi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2016.

Lagt fram til kynningar.

**19. 1509132 - Jöfnunarsjóður - framlög v/ sérþarfa fatlaðra nemenda 2016**

Erindi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um áætlað framlag Jöfnunarsjóðs vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fyrir fjárhagsárið 2016.



Lagt fram til kynningar.

**20. 1509141 - Jöfnunarsjóður - framlög 2016**

Erindi Jöfnunarsjóðs um úthlutun tekjujöfnunarframlaga og sérstaks framlags vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015.

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:26.**

  
Ingibjörg Valdimarsd.  
  
Vilborg Þ. Guðhjartsd.  
  
Sigríður Asvaldardóttir  
  
Steinn Ádolfsson